

Föstudaginn 17. janúar 1997.

Nr. 16/1996.

Bandalag háskólamanna

f.h. Félags fréttamanna

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

ríkissjóði Íslands

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda hinn 9. janúar sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Guðný Björnsdóttir, Guðmundur Skaftason og Sigurður T. Magnússon.

Stefnandi er Bandalag háskólamanna, kt. 630387-2569, Lágmúla 7, Reykjavík, fyrir hönd Félags fréttamanna, kt. 630185-0849, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Stefndi er ríkissjóður Íslands, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvörpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila, dagsettum 15. maí 1995, rétt á óskertum dagpeningum þegar þeir fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar og skuli dagpeningar greiddir fyrir tímabilið frá því utanför hefst og þar til heimferð lýkur.

Einnig gerir stefnandi kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða honum ríflegan málskostnað samkvæmt mati dómsins og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málskostnaði, en stefnandi kveðst ekki njóta frádráttarréttar á móti þeim skatti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá Félagsdómi. Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum er þess krafist að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefnda verði gert að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað í þessum þætti málsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi gerir þá grein fyrir málavöxtum að Félag fréttamanna sé eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamanna. Félag fréttamanna sé stéttarfélag sem hafi sjálfstæðan samningsrétt samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kaup og kjör félagsmanna sinna sem starfa hjá ríkinu og hafi gert kjarasamning við stefnda 15. maí 1995. Með þeim samningi hafi tilteknum atriðum í eldri kjarasamningi aðila verið breytt, en samningurinn að öðru leyti framlengdur óbreyttur með gildistíma til 31. desember 1996.

Stefnandi kveður grein 5.6. í gildandi kjarasamningi aðila vera svohljóðandi:

5.6. Dagpeningar erlendis.

5.6.1. Annar ferðakostnaður (þ.e. annar en fargjöld, innsk. stefnanda) á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum, sem skulu ákveðnir af nefnd skv. 5.8.

5.6.2. Af dagpeningum á ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld.

Stefnandi kveður það hafa gerst fyrr á þessu ári að tveir félagsmanna hans hafi verið sendir utan á vegum Ríkisútvarpsins – annar frá fréttastofu sjónvarps og hinn frá fréttastofu hljóðvarps – af ákveðnu tilefni. Aðdragandi þess hafi verið sá að tiltekinn aðili í ferðaþjónustu hafi boðið stofnuninni að senda tvo fréttamenn til að gera fréttir af starfsemi þessa aðila, en að öðru leyti hafi boð þetta ekki verið bundið neinum sérstökum skilyrðum. Stofnunin hafi þegið þetta boð. Fréttamennirnir hafi samkvæmt ákvörðun yfirmanna sinna farið þessa ferð.

Fréttamennirnir hafi síðan leitað eftir greiðslu dagpeninga hjá stofnuninni vegna þessarar ferðar, en aðeins fengið greidda hluta dagpeninga sem þeir telja sig eiga rétt til samkvæmt kjarasamningi. Mun Ríkisútvarpið hafa „ákveðið“ að greiða í svokölluðum boðsferðum aðeins hálfu dagpeninga og að í slíkum ferðum séu dagpeningar ekki greiddir þá daga sem ferðalög að og frá landinu standa.

Tilraunir stéttarfélagsins til að fá þetta leiðrétt hafi ekki borið árangur og því sé talið óhjákvæmilegt að höfða mál fyrir Félagsdómi til að fá skorið úr þessum ágreiningi í eitt skipti fyrir öll.

Stefnandi kveðst höfða mál þetta fyrir Félagsdómi samkvæmt

heimild í 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur á því byggðar að óhjákvæmi-legt sé að afla viðurkenningardóms um skyldu stefnda til að greiða dagpeninga á ferðalögum félagsmanna stefnanda í starfi þeirra erlendis, þar sem stefndi hafi í ákveðnum tilvikum neitað að greiða dagpeninga samkvæmt áðurgreindu ákvæði kjarasamnings aðila og ætla megi að þeirri framkvæmd verði áfram haldið nema dómur gangi um annað.

Stefnandi kveðst telja að réttur félagsmanna hans til dagpeninga-greiðslna á grundvelli kjarasamnings geti í engum tilvikum átt að ráðast af því hvort ríkið eða stofnanir þess beri allan kostnað af ferð starfsmannsins. Meginatriði í því sambandi sé að starfsmanninum hafi ekki sjálfum verið boðið í tiltekna ferð, heldur hafi stofnuninni verið boðið að senda mann og hún ákveðið að þiggja boðið. Þegar þannig standi á beri stofnuninni að greiða þeim starfsmönnum sem hún sendir óskerta dagpeninga samkvæmt kjarasamningi.

Stefnandi byggir á því að sú tilhögun sem Ríkisútvarpið hafi einhliða „ákveðið“ og lýst hafi verið fari í bága við ákvæði greinar 5.6. í kjarasamningi aðila að tvennu leyti:

1. Stofnunin hafi ákveðið að greiða aðeins hálfan dagpeninga í þeim ferðum sem hún sjálf skilgreinir sem boðsferðir.
2. Stofnunin hafi ákveðið að greiða ekki dagpeninga á ferðalögum í þeim ferðum sem hún sjálf skilgreinir sem boðsferðir.

Stefnandi telur að þessi afstaða stofnunarinnar hafi enga stoð í kjarasamningi málsaðila, heldur fari hún beinlínis þvert á ákvæði greinar 5.6., sbr. og grein 5.8. í sama kjarasamningi, en samkvæmt síðarnefndu greininni skuli dagpeningar ákveðnir af sérstakri nefnd, ferðakostnaðarnefnd. Sú nefnd hafi með umburðarbréfi dagsettu 1. nóvember 1994 kunnert ákvarðanir sínar varðandi greiðslu dagpeninga til ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Í þeim kafla umburðarbréfsins sem fjalli um það sem kallað sé almennir dagpeningar segi m.a.:

Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, ferðakostnað innan þess svæðis sem dvalið er á, fæði, gistingu, minni háttar risnu og hvers konar útgjöld.

Stefnandi kveður þessa reglu hafa verið túlkaða þannig í fram-

kvæmd, ágreiningslaust til skamms tíma, að dagpeninga beri að greiða frá þeim tíma er ferð hefst og þar til henni lýkur. Ákvörðun Ríkisútvarpsins um að vikja frá þessu í þeim ferðum sem stofnunin skilgreinir sem boðsferðir telur stefnandi ólögmeta.

Um lagastoð fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til þeirrar meginreglu íslensks réttar að samninga beri að efna og vísar til áður nefndra greina kjarasamnings aðila. Telur stefnandi að einhliða ákvarðanir ríkisstofnana, sem fari í bága við kjarasamningsákvæði, séu ólögmetar og geti ekkert gildi haft, hvort sem einhverjir hafi látið þær yfir sig ganga á einhverjum tímum eða ekki.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefnandi við 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi kveður málið höfðað gegn ríkissjóði Íslands samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, þar sem félagsmenn stefnanda sem mál þetta varðar séu ríkisstarfsmenn.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er vísað til þess að í gildandi kjarasamningi Félags fréttamanna og stefnda séu ákvæði um dagpeninga á ferðum erlendis í kafla 5.6. Dagpeningar skuli ákveðnir af nefnd samkvæmt grein 5.8. í kjarasamningi, svonefndri ferðakostnaðarnefnd, sbr. kafla 5.8. í kjarasamningi. Málavaxtalýsing stefnanda sé tæplega svo greinargóð að unnt sé fyrir stefnda að taka afstöðu til krafna hans. Kveður stefnandi „það hafa gerst fyrr á þessu ári að tveir félagsmanna hans hafi verið sendir utan á vegum Ríkisútvarpsins . . . af ákveðnu tilefni.“ Þá segir að aðdragandi þess hafi verið sá að „tiltekinn aðili í ferðaþjónustu“ hafi boðið stofnuninni að senda tvo fréttamenn til að gera fréttir af starfsemi þessara aðila, en að öðru leyti hafi boð þetta ekki verið bundið neinum sérstökum skilyrðum. Stofnunin hafi þegið þetta boð.

Stefndi fjármálaráðherra og nefnd fyrir hans hönd fara með fyrirvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stefnandi hafi sakað fjármálastjóra Ríkisútvarpsins um brot á kjarasamningi. Ágreiningi sínum um túlkun á ákvæðum kjarasamnings hafi stefnandi ekki beint að gagnaðila sínum, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, fyrr en með fyrirvaralausri málsókn fyrir Félagsdómi.

Stefndi er ósammála forsvarsmönnum Ríkisútvarpsins um að

boðsferðir séu undanskildar ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar. Samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins nr. 39/1992 sé mælt fyrir um að styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem ríkisstarfsmenn njóti meðan á dvöl erlendis stendur skuli koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem unnt er að meta hverju sinni. Einnig er kveðið á um að greiði aðrir aðilar en íslenska ríkið hluta kostnaðar við ferðalög sem farin eru til útlanda í erindum ríkissjóðs greiði viðkomandi ráðuneyti mismun þess sem greitt er af öðrum og greiðslu samkvæmt reglunum (7. gr.). Hliðstæðar reglur komi fram í umburðarbréfi ferðakostnaðarnefndar frá 1. nóvember 1994 sem stefnandi hafi lagt fram í málinu. Ljóst sé því að ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar svo og ákvarðanir dagpeninga á grundvelli reglnanna og á grundvelli ákvæða kjarasamnings aðila taki mið af því að boðsferðir séu ekki undanþegnar þegar að greiðslum dagpeninga komi. Hitt sé svo annað mál að styrkir og hlunnindi til ríkisstarfsmanna vegna gistinga, fæðis og annars kostnaðar geti haft áhrif á dagpeninga samkvæmt framangreindum reglum og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar. Sama sé þegar aðrir aðilar en íslenska ríkið greiða hluta kostnaðar við ferðalög sem farin séu til útlanda í erindum ríkisins.

Til stuðnings frávísunarkröfu.

Stefndi telur að varðandi ferð tveggja fréttamanna hjá Ríkisútvarpinu til Halifax í Bandaríkjum Norður-Ameríku, sem virðist vera tilefni málsóknarinnar, liggi ekki fyrir sönnun þess hvort fréttamönnunum sjálfum hafi verið boðið til ferðarinnar af aðilum óskyldum íslenska ríkinu eða hvort sá aðili hafi boðið Ríkisútvarpinu að senda fulltrúa sína, sem það hafi aftur ákveðið að þekkjast. Hafi Ríkisútvarpinu verið boðið að senda fréttamenn til Halifax og þeir farið á vegum stofnunarinnar, telur stefndi ekki vafa leika á því að réttur þeirra til óskertra dagpeninga sé fyrir hendi svo lengi sem aðilinn sem bauð til fararinnar hafi ekki greitt kostnað vegna gistinga, fæðis og ferða milli flugvalla og annarra ferða þar ytra. Sama ætti við ef Ríkisútvarpið hefði skilyrðislaust greitt þann kostnað sem dagpeningum er annars ætlað að mæta.

Í málinu liggi ekkert fyrir um það hvort fréttamennirnir tveir hafi sjálfir þurft að greiða gisti- eða fæðiskostnað eða kostnað vegna ferða milli flugvalla og innan erlends svæðis. Engin tók séu því á að

leysa úr sakarefninu sem hljóti að teljast vanreifað af stefnanda hálfu og skuli því eftir grunnreglum einkamálaréttarfars um skýran málatilbúnað, sbr. d og e liði 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sæta frávisun.

Stefndi telur dómkröfur stefnanda of almennar til að um þær verði dæmt. Í fyrsta lagi telur stefndi ekki unnt að dæma um rétt til dagpeninga miðað við þá mælieiningu sem stefnandi leggur til. Dagpeningar séu ekki ákveðnir eins og um tímakaup væri að ræða en í því horfi sé dómkrafa stefnanda. Dagpeningar vegna ferða erlendis taki til annars kostnaðar en fargjalda milli landa. Taki þeir þannig til gisti- og fæðiskostnaðar, ferðakostnaðar milli flugvalla og innan þess svæðis sem dvalið sé á, minniháttar risnu og hvers kyns persónulegra útgjalda. Dagpeningar séu því greiddir samkvæmt fyrirfram ákveðnum upphæðum fyrir hvern dag miðað við tiltekin útgjöld ferðalangsins. Af þessum sökum sé dómkrafan ekki í því horfi sem áskilið sé í d lið 80. gr. laga nr. 91/1991. Í öðru lagi sé dómkrafa málsins ekki tengd því sakarefni sem málið virðist sprottið af, þ.e. utanför tveggja fréttamanna hjá Ríkisútvarpinu og því hvort, hvernig og að hve miklu leyti för sú hafi verið styrkt af Ríkisútvarpinu sjálfu eða öðrum aðila en íslenska ríkinu. Dómkrafan sé þannig fram sett að félagsmenn stefnanda hjá Ríkisútvarpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila rétt á óskertum dagpeningum miðað við mjög óljósa tímaviðmiðun. Dómkrafa stefnanda marki engan sérstakan ágreining þar að lútandi og miði ekki að því að fá leyst úr neinum ágreiningi. Almennt eigi félagsmenn í Félagi fréttamanna sem njóti kjara samkvæmt kjarasamningi félagsins við stefnda rétt á óskertum dagpeningum samkvæmt grein 5.6. Krafan þjóni því tæpast þeim tilgangi málssóknarinnar sem lýst sé í stefnu um að óhjákvæmilegt sé að höfða mál fyrir Félagsdómi til að fá skorið úr „þessum ágreiningi“ í eitt skipti fyrir öll. Af hálfu stefnda sé enginn ágreiningur við stefnanda um það að félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu og fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar eigi rétt á óskertum dagpeningum samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi að skilyrðum þeirra ákvæða uppfylltum, þ.m.t. samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar.

Af framangreindum ástæðum sé dómkrafa stefnanda of almenn, sem ásamt vanreifun málsins af hans hálfu geri málatilbúnaðinn allan óljósan og andstæðan grundvallarreglum einkamálaréttarfars,

sbr. fyrrnefnd ákvæði laga nr. 91/1991, sbr. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Rökstuðningur stefnanda gegn frávisunarkröfu stefnda.

Stefnandi byggir á því í þessum þætti málsins að ágreiningur sé uppi varðandi greiðslu dagpeninga samkvæmt kjarasamningi til starfsmanna Ríkisútvarpsins í svokölluðum boðsferðum til útlanda. Í því sambandi er vísað til ferðar tveggja fréttamanna Ríkisútvarpsins til Halifax. Ríkisútvarpið, sem annist framkvæmd kjarasamnings í umboði fjármálaráðuneytis, hafi í því tilviki og öðrum sambærilegum ekki greitt dagpeninga í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar. Með þeirri framkvæmd hafi ríkisútvarpið búið til nýja reglu, sem sé andstæð þeirri reglu, sem felist í gr. 5.6. í kjarasamningi. Þannig sé um að ræða efnislegan ágreining í málinu og engin skilyrði séu til þess að vísa því frá dómi.

Niðurstaða.

Í stefnu og málflutningi stefnanda hér fyrir dómi hefur komið fram að tilefni málssóknarinnar er uppgjör Ríkisútvarpsins á dagpeningum til tveggja félagsmanna stefnanda vegna utanlandsferðar þeirra sem tiltekinn aðili í ferðaþjónustu bauð til í því skyni að fréttir yrðu fluttar af starfsemi þess. Fyrir liggur í málinu að við uppgjör þetta, sem stefnandi sættir sig ekki við, var beitt reglum Ríkisútvarpsins um „boðsferðir“, sbr. vinnuþátt Ríkisútvarpsins er ber heitið „Samningsákvæði og reglur um útreikning á vinnuyfirlitum“, sem liggur fyrir í málinu, og bréf útvarpsstjóra, dags. 19. október 1994, og fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, dags. 3. september 1996. Reglur þessar eru þess efnis að greiddir eru hálfir dagpeningar dvalardaga erlendis (ekki ferðadaga) í „boðsferðum“. Af hálfu stefnda hefur komið fram að hann er ósammála Ríkisútvarpinu um að „boðsferðir“ séu undanskildar ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar um dagpeninga.

Þrátt fyrir framangreint tilefni málssóknarinnar er dómkrafa stefnanda sú „að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila, dagsettum 15. maí 1995, rétt á óskertum dagpeningum þegar þeir fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar, og skuli dagpeningar greiddir fyrir tímabilið frá því

utanför hefst og þar til heimferð lýkur“. Í málflutningi hefur stefnandi skýrt kröfuna svo að með „óskertum dagpeningum“ sé átt við að dagpeningar verði gerðir upp samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar.

Samkvæmt framansögðu lýtur krafa stefnanda í meginatriðum að því efnislega að viðurkennd verði almenn ákvæði kjarasamnings aðila um dagpeninga. Dómsorð í þá veru, sem krafan lýtur að, myndi ekki eitt út af fyrir sig ráða ákveðnu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn veg eða annan. Um þann þátt dómkröfunnar, sem varðar greiðslu dagpeninga brottfarar- og heimferðardaga, er ekki sérstaklega fjallað í kjarasamningi aðila og umburðarbréfi ferðakostnaðarnefndar, dags. 1. nóvember 1994, sem fyrir liggur í málinu. Í 5. gr. reglna nr. 39 frá 3. febrúar 1992 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, eins og þeirri grein var breytt með 2. gr. auglýsingar nr. 569 frá 20. október 1994 um breyting á fyrrnefndum reglum, er hins vegar eftirfarandi tekið fram: „Greiðsla fyrir hverja ferð ræðst þannig af fjölda gistinátta og ferðadaga (brottfarar- og komudagur meðtalinn)“. Engin málsreifun liggur fyrir af hálfu stefnanda með tilliti til þessara reglna. Ekki er heldur gerð grein fyrir því hvort félagsmenn stefnanda sjálfir hafi í tilvikum er um ræðir orðið að bera ferðakostnað sem dagpeningum er ætlað að mæta, sbr. 7. gr. greindra reglna. Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, verður ekki talið, að kröfugerð stefnanda sé dómhæf, sbr. 1. mgr. 25. gr. og d-, e- og f-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Með vísan til þessa ber að taka frávísunarkröfu stefnda til greina. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 4. febrúar 1997.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. janúar

sl., sem barst réttinum 27. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Félagsdóms 17. janúar sl. um frávísun krafna sóknaraðila. Kæruheimild er í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði vegna þessa þáttar málsins og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Aðilar virðast sammála um efni greinar 5.6 í kjarasamningi þeirra og þannig, að dagpeningar skuli ákveðnir af nefnd samkvæmt grein 5.8 í samningnum. Með skírskotun til raka Félagsdóms ber að fallast á það, að í sóknargögn skorti nákvæma skýringu á ágreiningsefninu með tilliti til ákvarðana nefndarinnar. Þá er ekki gerð grein fyrir því, í hverju framkvæmd Ríkisútvarpsins um dagpeninga í boðsferðum er ábótavant samkvæmt þeim reglum. Ber því að staðfesta niðurstöðu Félagsdóms.

Hvor aðili skal bera sinn kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.
